

**ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR**  
**nr. 119/2003**

**frá 26. september 2003**

**um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) XIII. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 91/2003 frá 11. júlí 2003 <sup>(1)</sup>.
- 2) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 441/2003 frá 5. mars 2003 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 805/1999 um sérstakar ráðstafanir til framkvæmdar á reglugerð ráðsins (EB) nr. 718/1999 um stefnu bandalagsins varðandi flutningsgetu flotans er miðar að því að efla flutninga á skipgengum vatnaleiðum <sup>(2)</sup> skal felld inn í samninginn.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

*1. gr.*

Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 45b (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 805/1999) í XIII. viðauka við samninginn:

„- **32003 R 0411:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 411/2003 frá 5. mars 2003 (Stjtið. ESB L 62, 6.3.2003, bls. 18).“

*2. gr.*

Texti reglugerðar (EB) nr. 411/2003 á íslensku og norsku, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

*3. gr.*

---

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 272, 23.10.2003, bls. 27 og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 54, 23.10.2003, bls. 6.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 62, 6.3.2003, bls. 18.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 27. september 2003 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni (\*).

*4. gr.*

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 26. september 2003.

*Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar  
Formaður*

*Prins Nikulás af Liechtenstein*

*Ritarar  
sameiginlegu EES-nefndarinnar*

*P.K. Mannes*

*M. Brinkmann*

---

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.